



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 3. október 2022
2209908/031.00 SSF

Efni: Umsögn – Samningur sveitarfélaga um samstarf í velferðarþjónustu

Lögfræðideild hefur borist, til undirritunar og staðfestingar, samningur frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um samstarf í velferðarþjónustu.

Árið 2020 gerði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið athugasemdir við nokkra samninga um samstarf milli sveitarfélaga, þ.á.m. voru gerðar athugasemdir við samstarfssamning um þjónustu við fatlaða. Í kjölfarið var myndað óformlegt teymi lögfræðings SSH og bæjarlögmannna Reykjavíkur, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar, sem vann að gerð nýs samnings.

Með nýjum samningi er verið að festa í sessi þá vinnu sem hefur farið fram hjá samráðshóp í velferðarþjónustu frá 2010 og ekki er gert ráð fyrir að hann feli í sér framsal eða kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Gert er ráð fyrir að verklag samráðshópsins verði óbreytt frá því sem verið hefur. Ekki er um að ræða miklar efnisbreytingar frá fyrri samningi.

Markmið samningsins skv. fyrirliggjandi drögum er einkum að efla velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu með samtali, samráði og samstarfi sveitarfélaganna. Þannig sé stuðlað að framþróun, samræmingu og hagkvæmni þjónustunnar, jafnframt því að vekja athygli yfirstjórnar sveitarfélaganna á nýjungum og þörf fyrir umbætur eða brýn verkefni.

Lögfræðideild hefur borið samningsdrögin undir sviðsstjóra velferðarsviðs bæjarins sem hefur staðfest að stjórnendur í velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu hafi farið yfir samningsdrögin og geri ekki athugasemdir við.

Undirritaður leggur til að samningurinn verði samþykktur.

Virðingarfyllst,

Steinn Sigríðar Finnbogason
Lögfræðingur

